



Til menntaráðs

Kópavogi, 30. apríl 2026
26041870/202.00 ABS

Efni: Viðhald og endurbætur í Snælandsskóla

Á fundi menntaráðs 21. apríl var óskað eftir nánari upplýsingum um viðhaldsframkvæmdir í Snælandsskóla á síðustu árum.

Á síðustu árum hefur Snælandsskóli fengið umtalsvert viðhald, enda skólinn orðinn rúmlega 50 ára og gera má ráð fyrir áframhaldi viðhaldsverkefnum á næstu árum. Á árinu 2025 var um 120 m.kr. varið í viðhald skólans.

Framkvæmdir síðustu ára:

2023: Glugga- og karmaskipti ásamt klæðningu á fyrstu hæð. Einnig var sinnt ýmsum minni viðhaldsverkefnum.

2024: Fjórar stofur í C-álmu voru endurnýjaðar. Stofurnar voru hreinsaðar að innanverðu, steinull hreinsuð inn að klæðningu og stofur endurnýjaðar. Jafnframt var ný loftræsting sett upp í stofunum.

2025: Umfangsmiklar framkvæmdir fóru fram. A-álma skólans var endurnýjuð í heild. Fjórar stofur voru teknar í gegn; hreinsað úr loftum, hreinsað frá gluggum og endurbétt með gluggum og stofurnar endurnýjaðar frá grunni. Ofnar, ljós og loftaklæðningar, voru endurnýjaðar ásamt gólfdukk, salernum, innréttingum o.fl. Í álmunni var jafnframt sett upp ný loftræsting til að bæta loftgæði og varmanýtni. Á 2. hæð var einnig ráðist í endurbætur og einu rými skipt í tvennt til að fjölga sérkennslurýmum.

Einnig var B-álma skólans tekin í gegn að hluta til. Þrjár stofur í þeirri álmu voru endurnýjaðar á sambærilegan hátt og í A-álmu.

Ytra byrði skólans var lagað að hluta til þar sem mestar skemmdir voru á múr. Viðgerðir verða málaðar í sumar og haldið áfram með endurbætur á ytra byrði næsta sumar.

Í íþróttasal skólans voru ljós endurnýjuð og búningsherbergi endurbættir. Áformað er að taka salinn í fulla notkun frá og með hausti vegna brýnnar þarfar fyrir rými til íþróttakennslu grunnskóla bæjarins. Einnig stendur til að laga leka í þakdukk íþróttahússins í sumar.

Unnið hefur verið að viðgerð og endurnýjun á eldri loftræstisamstæðum. Jafnframt er verið að endurnýja brunastöð og búið að endurnýja þjófavarnarkerfi, sem einnig mun nýtast við aðgangsstýringu í húsinu. Þeim framkvæmdum verður haldið áfram á árinu.

Viðhald og endurnýjun Snælandsskóla hefur því verið umfangsmikil síðustu ár. Umhverfissvið hefur lagt áherslu á vandaða framkvæmd og varanlegar lausnir við allar endurbætur.



Virðingarfyllst,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri menntasviðs

Ásthildur Helgadóttir
Sviðsstjóri umhverfissviðs

